

líði lengri tími en eitt ár frá því að vara kom til landsins og þar til hún er endursend úr landi.

4. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum sem reynast gallaðar, enda hafi gallar komið fram við notkun vélanna og ekki fyrr verið hægt að ganga úr skugga um þá.

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. skal því aðeins heimil að fullnægt sé skilyrðum 1., 3. og 4. tl. 1. gr. svo og 2. mgr. 3. gr. auk eftirtalinnna skilyrða:

1. Lögð sé fram viðurkenning seljanda vélanna um að hann taki þær aftur vegna gallanna.
2. Aðflutningsgjöld nemi ekki lægri fjárhæð en 5 000 kr.
3. Endursending fari fram innan sex mánaða frá komu vélanna til landsins.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

5. gr.

Auk þeirra skilyrða sem sett eru samkvæmt 1.—4. gr. skulu endursendendur vara, eftir því sem við á, uppfylla almenn skilyrði um útflutning skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 59/1969 um tollheimtu og toleffirlit.

6. gr.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslu eða niðurfellingu aðflutningsgjalda samkvæmt reglugerð þessari.

Fyrir hverja vörusendingu, sem endursend er til útlanda skv. 1.—5. gr., skal greiða tollskoðunargjald.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 57. gr., sbr. 52. gr., og 8. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og toleffirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi 72. gr. reglugerðar nr. 41 13. mars 1957 um tollheimtu og toleffirlit.

Fjármálaráðuneytið, 22. september 1977.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Dorsteinn Geirsson.

12. ágúst 1977.

Nr. 338.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjúkra- og slysatryggingasjóð Júdódeildar U. M. F. K., útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. ágúst 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkra- og slysatryggingasjóð Júdódeildar U. M. F. K.

1. Nafn sjóðsins er Sjúkra- og slysatryggingasjóður Júdódeildar U. M. F. K.
2. Tilgangur sjóðsins: Að styrkja meðlimi deildarinnar í slysa og veikindatilfellum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Stjórn sjóðsins er heimilt að endurtryggja sjóðinn.

3. Tekjur sjóðsins skulu vera: A, 4% af óskiptum aðgangseyri frá mótum og sýningum á vegum deildarinnar. B, með happdrætti, dansleikjahaldi o. fl.
4. Bætur úr sjóðnum geta orðið tvennskónar: A, dagpeningar, B, sjúkrakostnaður. Dagpeningar greiðast því aðeins að hinn slasaði verði af launum vegna slyssins og þá frá og með þeim degi þegar launatekjur hans falla að fullu niður, enda eigi hann ekki rétt til dagpeninga frá öðrum tryggingaraðila. Stjórn sjóðsins ákveður dagpeninga hverju sinni og hversu lengi skal greiða þá. Sjúkrakostnaður sá sem sjóðurinn greiðir er sá kostnaður eða hluti af kostnaði, sem af slysinu leiðir og ekki fæst greiddur af sjúkrasamlagi eða af öðrum aðilum. Við greiðslu dagpeninga og sjúkrapeninga skal stjórn sjóðsins hafa greiðslugetu sjóðsins í huga.
5. Höfuðstóll sjóðsins skal vera 100 000.00 kr. Og hann má ekki skerða.
6. Sjóðinn má ávaxta með kaupum á Ríkistryggðum skuldabréfum, í bönkum eða sparissjóðum og með annarri öruggri tryggingu.
7. Sjóðnum skal heimilt að eignast öryggistæki er viðkoma deildinni.
8. Þeir meðlimir deildarinnar sem óska eftir greiðslu úr sjóðnum skulu framvísa læknisvottorði eða reikningum fyrir sjúkrakostnaði. Stjórn sjóðsins er heimilt að fara fram á læknisvottorð á hvaða tíma sem er.
9. Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur deildarmeðlimum, formanni, gjaldkera og ritara. Einn stjórnarmanna Júdódeildar U. M. F. K. skal vera sjálfkjörinn í sjóðsstjórn, en tveir skulu kosnir á aðalfundi sjóðsins, sem skal vera einu sinni á ári, til eins árs í senn. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Aðalfund skal halda um sama levti og aðalfund Júdódeildar U. M. F. K.
10. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.
11. Verði sjóðurinn lagður niður, skal höfuðstóll og öll verðmæti sjóðsins renna til Ungmennafélags Keflavíkur til styrktar starfsemi þess.

Nr. 339.

25. júlí 1977.

AUGLÝSING

um sérlyf sem tekin eru af sérlyfjaskrá.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að eftirtalin sérlyf verði tekin af sérlyfjaskrá frá og með 1. september 1977:

Entero-Vioform, Ciba-Geigy, sérlyf nr. 38.

Mexaform, Ciba-Geigy, sérlyf nr. 48.

Siogen, Ciba-Geigy, sérlyf nr. 79.

Heimilt er að afhenda úr óseldum birgðum lyfjanna til og með 30. september 1977.

Frá og með 1. okt. 1977 verður óheimilt að ávís, selja eða afhenda eftirtalin lögboðkarlyf:

Mixtura jodchloroxichinolini DAK.

Tablettaa jodchloroxichinolini 0.25 g DAK.

Solubletaa chiniofoni 0.25 g Nord.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. júlí 1977.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Helga Vilhjálmisdóttir.